

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um endurgjaldskröfu leiguliða fyrir húsagjörð.* — Með þóknanlegu brjefi herra amtmannsins frá 21. f. m. meðtók jeg bóнарbrjef, þar sem bóndinn Sigurður Jónsson, nú á Hálsi, fer því á flot, að sjer verði veitt 100 króna þóknun fyrir það, að hafa stækkað húsinn á hjáleigunni Árgerði við Möðruvallaklaustursjörðina Böggsversstaði. 56
23. maí.

Á brjefi yðar og fylgiskjölum þess, sjer í lagi álit hlutaðeigandi umboðsmanns, sjest, að hin nefndu hús, sem beiðandinn skildi eptir á Árgerði, þegar hann fluttist þaðan fyrir fáum árum síðan, eru alveg óþörf á hjáleigunni, með því næg húsakynni eru sögð á heimajörðunni Böggsversstöðum, en hún er byggð bónda þeim, er nú er á henni, æflangt með hjáleigunni Árgerði, og hefir hann skorast undan að hafa ábyrgð á húsum þeim, er hjer er um að ræða. Þar eð nú ekkert hefir komið fram því til sönnunar, sem beiðandinn segir, um að umboðsstjórnin hafi hvatt sig til að byggja hin nefndu hús, getur hann hvorki haft rjettar- nje sanngirniskröfu til annars en samkvæmt 3. kap. landsleigubálks Jónsbókar að færa burt hús þau, er hann hefir gjört fram yfir það, sem áskilið var, er hann tók við jörðunni, og verður því beiðni hans um þóknun af umboðssjóðnum ekki tekin til greina.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Auglýsing

um minnispening.

Hans hátign konungurinn hefir samkvæmt allraþegnlegustum tillögum hermálastjórnarinnar með úrskurðum frá 10. júní 23. septbr. og 16. desbr. f. á. mælt svo fyrir:

«Gjöra skal minnispening handa þeim, er á árunum 1848—50 og 1864 hafa annaðhvort í hernum eða á flotanum barizt fyrir fósturjörðina, þannig, að slá skal pening með brjóstmynd hins háæla konungs Friðriks hins sjöunda handa þeim, er þátt hafa tekið í stríðinu 1848—50, pening með brjóstmynd Christians konungs hins níunda handa þeim, er hafa tekið þátt í stríðinu 1864, og pening með brjóstmyndum bæði Christians konungs hins níunda og hins háæla konungs Friðriks hins sjöunda handa þeim, er hafa verið í hvorutveggja stríðinu. 57
23. maí.

Peninginn skal veita sjerhverjum þeim, er á einhverju af árunum 1848, 1849 og 1850 eða 1864 hefir verið í herþjónustu í einhverri herdeild (Institution), meðan hún var vígbúin, eða sem hefir verið kvaddur á skip, er hefir verið búið út vegna ófriðarins, þó með því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi ekki sætt hegningarvinnu eða með dómi hafi fundizt sekur í einhverju því, er skerðir mannorð hans í augum almennings.

Peninginn skal bera í rauðu bandi með hvítum röndum.

Peninginn skal bera vinstramegin á brjóstinu, og þannig, að á þeim, er sæmdir hafa verið riddarakrossi dannebrogsorðunnar, heiðursmerki dannebrogsmanna eða öðru dönsku heiðursmerki, sje hann hafður til vinstri handar við þessi merki, en hægramegin við útlend sæmdarmerki, ef einhverjir skyldu hafa þau.

Bönd þau, er fylgja peningnum, má ekki bera nema, þegar hann er áfastur þeim.

Landherliðar skulu bera peninginn, þá er þeir eru í viðhafnarbúningi, og er þeir gegna herþjónustu í friði (Garnisonstjeneste), í viðhafnarfylkingum (Parader) og við hersýningar (Revuer). Sjóliðar skulu bera hann við viðhafnarbúning og við öll þau hernaðarstörf, er foringjarnir samkvæmt konungsúrskurði frá 8. septbr. 1871 skulu bera sverð.

Hinn 16. júní 1876.

57
23. maí.

Við lát hlutadeiganda eignast erfingjar hans þeuinginn.

Jafnframt því að birta konungsúrskurð þenna hefir hermála- og flotastjórn ríkisins 1. febr. þ. á. samíð reglur, er þeir skulu breyta eptir, er nú eru ekki í landhernum eða í sjóliðinu, en álíta sig hafa rjett til minnispenings þess, er gerður hefir verið samkvæmt fyrrnefndum konungsúrskurði, og óska að fa hann.

Samkvæmt reglum þessum og brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 23. febr. þ. á. skal hjer með kunngjört almenningi, að þeir menn hjer á landi, er þykjast hafa rjett til að fa minnispeninginn, og óska þess, verði að senda hlutadeigandi sýslumanni áleiðis til landshöfðingja beiðni um það, stýlaða til hermálaráðgjafans eða flotastjórnarráðgjafans. Beiðni þessi þarf, að því er þá snertir, er verið hafa fastir foringjar eða embættismenn í miðdeild fyrirliðasveitar (Mellestaben), að innihalda tilkynning um, að þeir óski minnispeningsins, í hvaða herdeild þeir hafi verið og hvar þeir eigi heima. — Öllum öðrum ber að skýra nákvæmlega frá, hvað þeir heita fullu nafni, hvaða ófriðarar þeir hafa verið í hernaði í landhernum eða í sjóliðinu, í hvaða aðaldeild (Institution) og sveitarflokki (Compagni, Escadron, Batterie) eða á hvaða skipi þeir hafi verið, hvaða «númer» þeir höfðu í flokknum eða á skipinu, hvort þeir sju danskir þegnar, og hvar þeir eigi heima. Beiðnin er álitin jafnframt yfirlýsing hlutadeiganda um, að þeir hafi hvorki sætt hegningarvinnu nje verið með dómi fundnir sekir í nokkru því, er skert geti mannorð þeirra í augum almennings.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. maí 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

58
23. maí.

— *Brjef landshöfðingja til beggia amtmannanna* um minnispening. — Jafnframt því að vísa til konungsúrskurðar þess, sem birtur hefir verið með anglýsingu 1. febrúar þ. á. frá hermála- og flotaráðgjafanum, og prentaður undir töluliði 17 í lagatíðindum fyrir 1876, um minnispening handa þeim, er annaðhvort í landhernum eða á flotanum hafa tekið þátt í stríðunum 1848–50 og 1864, og til auglýsingar, er jeg hefi gefið út um þetta, og sem prentuð mun verða í stjórnartíðindunum — sendi jeg yður, herra amtmaður, hjer með nokkur exemplör af auglýsingu hermálastjórnarinnar frá 1. febr. þ. á. um reglur þær, er þeir skulu breyta eptir, sem álíta sig hafa rjett til og óska að meðtaka nefndan minnispening, og mælist jeg til, að þjer úthytið exemplörum þessum milli sýslumanna þeirra, er undir yður eru skipaðir, og skoríð á þá að sjá um, að konungsúrskurðurinn verði birtur þeim mönnum í lögsagnarumdæmum þeirra, er kynnu að eiga tilkall til minnispeningsins, og að þeim eptir atvikum verði leiðbeint til að semja beiðni þá til hermálastjórnarinnar, er þeir kynnu að óska að senda.

Auglýsing

59
26. maí.

um samskot í Danmörku og Noregi handa Íslendingum.

Samkvæmt skýrslu nefndar þeirrar, er myndazt hafði í Kaupmannahöfn til að safna gjöfum handa Íslendingum, er höfðu orðið fyrir skaða af jarðeldi, er þessum gjafasamskotum nú lokið, og nema þau eptir reikningi þeim, er gjörður var 31. desbr. f. á. alls

26,508 kr. 70 a.

flyt 26,508 — 70 —